

L Ö G

35

13. apríl

um framlengingu á heimild ríkisstjórnarinnar til að nota yfirdráttarheimild Íslands hjá Greiðslubandalagi Evrópu.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Af yfirdráttarheimild þeirri, sem Ísland hefur sem þátttakandi í Greiðslubandalagi Evrópu, að fjárhæð fimmtán milljónir dollara, heimilast ríkisstjórninni, ef hún telur nauðsynlegt, að nota allt að átta milljónum dollara.

Jafnóðum og heimildin er notuð, skal andvirðið í krónum greitt inn í sérstakan reikning í Landsbanka Íslands og því varið, þegar er gjaldeyrisástæður leyfa, til endurgreiðslu á yfirdráttarláninu, enda má ekki nota féð til annars.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 13. apríl 1954.

Ólafur Thors. Jörundur Brynjólfsson. Árni Tryggvason.
(L. S.)

Ingólfur Jónsson.

L Ö G

36

14. apríl

um breyting á lögum nr. 62 30. des. 1939, um tollskrá o. fl.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Á tollskránni í 1. gr. laganna eru gerðar þessar breytingar:

	Toll- eining	Vöru- magns- tollur Aurar	Verð- tollur %
1. Nr. 4 í 5. kafla orðast svo:			2
4 Svínshár			
2. Nr. 19 í 11. kafla orðast svo:			
19 Sterkja, ót. a.	1 kg	7	8
3. Nr. 1—8 í 13. kafla orðast svo:			
1 Jurtir og jurtahlutar, svo sem börkur, til litunar eða sútnar			2
Gúmmí, gúmmiharpix, annað harpix og náttúrlegt balsam, ót. a.:			